



UNGMENNAFÉLAG ÍSLANDS
Engjavegur 6, 104 Reykjavík
568 2929, umfi@umfi.is

FUNDARGERÐ
STJÓRNAR

6. STJÓRNARFUNDUR UNGMENNAFÉLAGS ÍSLANDS

Haldinn 19. – 20. apríl 2024

Mætt eru: Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Þór Gestsson (GPÖ), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Guðmundur G. Sigurbergsson (GGS), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Málfríður Sigurhansdóttir (MS), Rakel Másdóttir (RM), Guðmunda Ólafsdóttir (GÓ), Auður Inga Þorsteinsdóttir (AIP) framkvæmdastjóri UMFÍ og Einar Þ. Eyjólfsson (EPE) fjármálastjóri UMFÍ.

Forföll: Ásgeir Sveinsson (ÁS), Hallbera Eiríksdóttir (HE), Embla Líf Hallsdóttir (ELH).

Formaður setti fund kl. 17:07

1. Ungmennaráð

Fulltrúar úr Ungmennaráði mættu á fundinn og kynntu helstu verkefni og áherslur. Spjall og kynning í framhaldinu. Fulltrúar Ungmennaráðs á fundinum voru: Halla Margrét Jónsdóttir, Daði Þór Jóhannsson, Eiður Andri Guðlaugsson, Ernir Daði Arnbergz, Gerður María Sveinsdóttir, Karen Hulda Finnsdóttir, Kolbeinn Þorsteinsson og Sara Jóhanna Geirsdóttir. Ragnheiður Sigurðardóttir, verkefnastjóri, sat einnig fundinn undir þessum lið.

2. Kynning – Svæðastöðvar íþróttahéraða

AIP kynnti stöðu mála og næstu skref. Ungmennaráð og Ragnheiður sátu einnig fundinn undir þessum lið.

Fundarhlé kl. 18:33

Stjórn og ungmennaráð héldu áfram óformlegu spjalli til um kl. 20:00

Fundi fram haldið 20. apríl, kl. 09:07

3. Fjármál

- EPE fór yfir ársreikning 2023 og Sigrún Guðmundsdóttir frá ODT ehf. (áður BDO ehf.), fór yfir endurskoðunarskýrslu 2023.
- Ársreikningur ársins 2023 samþykktur og undirritaður.

- Uppgjör fyrstu þriggja mánaða ársins 2024 lagt fram til kynningar.
- Iðunn Bragadóttir, bókari UMFÍ, sat fundinn undir þessum lið. Iðunni var jafnframt þakkað fyrir vel unnin störf, þar sem hún mun láta af störfum á næstu dögum.

4. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra

AIP fór yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum.

Formanni falið að ganga frá orlofsmálum í samráði við framkvæmdastjóra.

5. Fundargerðir nefnda lagðar fram til kynningar

- 1. fundargerð kynningar- og útgáfunefndar
- 2. fundargerð kynningar- og útgáfunefndar
- 2. fundargerð fjárhags- og greiningarnefndar
- 3. fundargerð fjárhags- og greiningarnefndar
- 4. fundargerð fjárhags- og greiningarnefndar
- 2. fundargerð úthlutunarnefndar sjóða
- 2. fundargerð fræðslunefndar
- 3. fundargerð fræðslunefndar
- 4. fundargerð upplýsingatækninefndar
- 5. fundargerð upplýsingatækninefndar
- 4. fundargerð ungmennaráðs
- 5. fundargerð ungmennaráðs
- 6. fundargerð ungmennaráðs
- 5. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 6. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 7. fundargerð framkvæmdastjórnar
- 2. fundargerð skólabúðanefndar
- 1. fundargerð framkvæmdanefndar 50+ 2024
- 2. fundargerð framkvæmdanefndar 50+ 2024
- 1.-3. fundargerð framkvæmdanefndar ULM 2024

6. Erindi frá nefndum

Lögð fram skýrsla fjárhags- og greiningarnefndar um stöðu og möguleika í Þrastaskógi. Framkvæmdastjóra falið að afla frekari gagna í samræmi við umræður á fundinum. Skýrslunni vísað til Þrastaskógarnefndar til umsagnar.

7. Staða verkefna

Farið yfir stöðu verkefna stjórnar, nefnda og skrifstofu.

8. Bréf sem borist hafa

- Frá ÍBH, ÍBR og UMSK vegna svæðisskrifstofu höfuðborgarsvæðisins. Bréfið mótttekið og rætt. Formanni og framkvæmdastjóra falið að hafa samband við bréfitara.
- GGS og RM viku af fundi undir þessum lið.

9. Svæðastöðvar

- Drög að reglugerð um Hvatásjóð íþróttahreyfingarinnar í umsjón UMFÍ og ÍSÍ lögð fram. Framkvæmdastjóra falið að koma nokkrum ábendingum á framfæri inn í vinnuna.
- Gildistími lottoreglugerðar – Upplýst um stöðu mála. Svæðastöðvar munu hefja störf í fyrsta lagi 1. maí. Stjórn vísar til samþykktar frá fundi 9. febrúar sl. varðandi breytingar á útgreiðslu á lottó.

10. Samantekt verkefna

- Allir með – stöðuskýrsla lögð fram. Framkvæmdastjóra falið að kalla eftir nánari upplýsingum um einstaka liði.
- UMFÍ hefur tekið þátt í verkefninu Integration of Refugees Through Sport á vegum ISCA. Ragnheiður Sigurðardóttir sótti lokafund verkefnisins 14.-17. apríl í Finnlandi.

11. Þrastaskógur - tjaldsvæði

Lögmanni UMFÍ er falið að leita samkomulags við rekstraraðila tjaldsvæðis í Þrastaskógi um slit á samningnum vegna vanefnda rekstraraðilans. Samkomulagið feli m.a. í sér að rekstraraðilinn fjarlægi þau tjaldhýsi og önnur mannvirki sem reist hafa verið á landi UMFÍ án samþykkis félagsins. Mannvirkin verði fjarlægð sem fyrst og eigi síðar en í september 2024. Náist ekki samkomulag um að rekstraraðili fjarlægi mannvirkin er lögmanninum falið að rifta samningnum með lögformlegum hætti og eftir atvikum leggja málið fyrir gerðardóm í samræmi við ákvæði rekstrarsamningsins.

12. Handbók UMFÍ

Drög að handbók UMFÍ um innra starf lögð fram til kynningar.

13. Heiðranir

Stjórn hafði þegar samþykkt tvö gullmerki í tölvupósti. Samþykkt að veita eitt gullmerki til viðbótar.

14. Tilnefning í stjórn Íslenskrar getspár

- Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að Jóhann Steinar Ingimundarson og Ragnheiður Högnadóttir verði tilnefnd sem fulltrúar UMFÍ í stjórn Íslenskrar getspár. Stjórn staðfestir tillögu framkvæmdastjórnar.
- UMFÍ á fimm sæti á aðalfundinum. Framkvæmdastjóra falið að manna sæti UMFÍ á fundinum.

15. Umsókn um aðild að UMFÍ

- Íþróttabandalag Suðurnesja, ÍS, samþykkti á ársþingi sínu 18.04 2024 aðild að UMFÍ. Stjórn UMFÍ hafði áður samþykkt beiðni um aðild en á henni var fyrirvari um samþykki á ársþingi ÍS. Stjórn UMFÍ býður ÍS og aðildarfélög þess velkomin í ungmennafélagshreyfinguna.

- Íþróttabandalag Reykjanesbæjar, ÍRB, sendi inn umsókn um aðild að UMFÍ. Framkvæmdastjórn leggur til við stjórn að umsóknin verði samþykkt. Stjórn samþykkir aðildarbeiðni ÍRB að UMFÍ, með fyrirvara um samþykki á ársþingi ÍRB.

16. Fundir og ferðir

- 13.02.'24 AIP á stjórnarfundi ÆV
- 19.02.'24 JSI og GS á aðalfundi Keflavíkur Íþrótt- og ungmennafélags
- 24.02.'24 AIP á ársþingi KSÍ
- 26.02.'24 AIP og Andri Stefánsson ÍSÍ með kynningu fyrir ráðherra og ráðuneytisstjóra varðandi svæðisstöðvar íþróttahéraða.
- 28.02.'24 JSI á stjórnarfundi Íslenskrar getspár
- 29.02.'24 AIP á stjórnarfundi Íslenskra getrauna
- 29.02.'24 JSI og AIP á undirritun styrktarsamnings í Árborg við tvö aðildarfélög um „allir með“
- 08.03.'24 AIP á kynningarfundum fyrir þjóðarhöll
- 08.03.'24 AIP, GÓ á ráðstefnu um konur og íþróttir
- 09.03.'24 JSI á ársþingi HHF
- 10.03.'24 GG á ársþingi HSP
- 13.03.'24 HE á ársþingi UMSB
- 14.03.'24 AIP og RH á ársþingi HSK.
- 16.03.'24 GPG á ársþingi USAH
- 16.03.'24 GPG á ársþingi FRÍ
- 18.03.'24 Halla Margrét Jónsdóttir og Eiður Andri Guðlaugsson á aðalfundi Nordung
- 19.03.'24 AIP á ársþingi USVH
- 21.03.'24 RH og AIP á ársþingi UMSK.
- 04.04.'24. Haukur Valtýsson á ársþingi UMSE
- 05.04.'24 RH á ársþingi USVS
- 10.04.'24 AIP á stjórnarfundi getrauna.
- 11.04.'24 GÓ og AIP á ársþingi HSH
- 16.04.'24 AIP á ársþingi IBA.
- 17.04.'24 AIP á formannafundi HSP
- 17.04.'24 Ómar Bragi Stefánsson á ársþingi UDN
- 18.04.'24 GGS á ársþingi IA
- 18.04.'24 JSI á ársþingi ÍS
- 20.04.'24 Haukur Valtýsson á ársþingi UIA

Eftir formleg fundarhöld voru haldnar vinnustofur um eftirfarandi málefni:

- Ímynd UMFÍ
- Mótahald
- Svæðastöðvar

- Fræðslu- og verkefnasjóður
- Íþróttalög

GGS og RM færðu stjórnarmönnum að gjöf Aldarsögu UMSK, 1922-2022.

Farið yfir fundargerð í lok fundar

Fundi slitið kl. 16:36
SÓJ ritaði fundargerð